

Morgunblaðið, 01.03.2023, síðu 24
grein stærð: 597.03 sm2
grein hæð: 23.03 sm

Síbreytilegt og taktvisst tónverk

● Logi Leó Gunnarsson er 47. myndlistarmaður sýningaraðar Listasafns Reykjavíkur í D-sal Hafnarhússins ● Handboðar fyrir gangbrautarljós gefa frá sér kunnugleg og leiðbeinandi hljóð

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Þegar gengið er inn í D-sal Hafnarhúss er ekki annað hægt en að brosa að því sem við blasir. Svokallaðir handboðar sjást á veggjum, tæki sem senda frá sér hljóð við gangbrautir og gefa til kynna hvort ganga megi yfir götuna eða hvort eigi að bíða eftir grænu ljósi. Senda þessi tæki frá sér sín þekktu og taktvissu rafhljóð. Hægan takt í bið, hraðan þegar má ganga yfir, eins og flestum ætti að vera kunnugt. Nema hvað að hér eru engar gangbrautir, bara hvítir veggir og gólf sýningarsalarins. Hvað skal þá gera?

Horfa og hlusta á nýjan hátt

Titill sýningarinnar er ekki síður áhugaverður en sýningin sjálf: *Allt til þessa höfum við ekki skilið það dularmál sem berst frá þessum hljóðgjöfum.* Torræður er hann og gefur tilefni til túlkunar á sýningunni, eins og slíkir titlar jafnan gera.

Myndlistarmaðurinn sem þarna sýnir er Logi Leó Gunnarsson, fæddur árið 1990 og býr og starfar í Reykjavík. Hann er 47. listamaðurinn til að sýna í sýningaröð Listasafns Reykjavíkur í D-sal og vinnur alla jafna með hljóð, skúlptúra og myndbönd í óvæntum samsetningum og innsetningum sem gjarnan yfirtaka sýningarrýmið á kankvíslegan hátt, eins og því er lýst á vef safnsins. Er hann sagður nota hversdagslegan efnivið í bland við tónlist, upptöku og hljóðbúnað og fá þannig áhorfendur til að horfa og hlusta á kunnuglega hluti á nýjan hátt. Logi útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2014 og hafa verk hans verið sýnd í nokkrum löndum. Sýningaröðin í D-sal hóf göngu sína árið 2007 og listamönnum, sem taldir eru hafa mótandi áhrif á íslenska myndlistarsenu, boðið að halda einkasýningu.

Úr Alþýðublaðinu 1935

Blaðamaður slær á þráðinn til Loga og spyr fyrst hvað titillinn eigi að þýða, hvort ekki megi túlka hann í léttum dúr? „Þú mátt líka túlka hann í moll," svarar Logi þá sposkur og fer síðan í frekari og alvarlegri skýringar. „Ég var að velta fyrir mér orðinu hljóðgjöfum og út frá því rakst ég á grein í *Alþýðublaðinu* frá árinu 1935. Þar blasti við málsgrein þar sem fjallað var um hljóðin sem koma frá hafinu, þau aflþrungnu hljóð. Ég var heillaður af þessari setningu og vann þennan titil upp úr henni," segir Logi. Lykilorðið í titlinum sé „dularmál" sem sé gamalt og lítið notað. „Það er aðeins opnara og óræðara," segir Logi.

Sem fyrr segir heita hin kunnuglegu tæki, sem prýða salinn, handboðar. „Ég hef sjálfur kallað þetta dimmsa en ég get sagt þér að hjá Reykjavíkurborg nota þeir handboða," segir Logi og að nokkrar gerðir séu til af slíkum boðum. „Þessir sem ég er að nota eru ekki með tökkum. Það eru til nokkrar mismunandi gerðir, sumir með tökkum en aðrir stýrast af ljósunum við gatnamótin sem þeir eru við," útskýrir Logi.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Í D Logi Leó Gunnarsson á sýningu sinni í D-sal Hafnarhúss. Þar er hann búinn að koma fyrir sjö handboðum.

Hundrað metrar af snúrum

Innsetningin virkar einföld en líklega töluverð fyrirhöfn að ganga frá henni, setja tækin upp, því hvert og eitt þeirra þarf rafmagn. „Það eru hundrað metrar af snúrum þarna þó lítið sjáist af þeim," segir Logi en snúrurnar eru faldar inni í veggjum. Handboðarnir eru sjö og segir Logi ástæðuna þá að fletirnir séu sjö í rýminu. Stýringin á handboðunum er tilviljanakennd og segir Logi að vissulega sé samtalið órætt sem fólk eigi við þá í sínu daglega amstri. „Maður veit ekki hvernig á að bregðast við, hvort þeir skynja mann eða hvort maður á að ýta á einhvern takka," segir Logi. Handboðarnir senda hin hægu og hröðu hljóðmerki frá sér á ólíkum tímum í rýminu. Þeir eru ekki samstilltir og það taktvissa tónverk sem myndast í salnum því síbreytilegt. „Það er aldrei fullkomlega ákvarðað hvenær hver handboði kemur inn. Þeir fá ákveðinn ramma en það er tilviljanakennt hvenær þeir detta inn og þá verður til síbreytilegur taktur."

Fleiri möguleikar

En hverju er Logi að reyna að ná fram með þessu verki? „Ég hef leitað í að vinna með fundinn efnivið, hversdagslega hluti úr umhverfinu og heillast af þeim hlutum sem virðast aðeins hafa einn eiginleika eða tilgang. Svo leitast ég við að rannsaka og skoða hvort það séu fleiri möguleikar til staðar, hvort hægt sé að gefa aðra sýn eða veita aðrar upplýsingar," svarar hann. Handboðana fékk hann að láni frá Reykjavíkurborg og segir hann hljóðið sem frá þeim komi það algengasta, sama hljóð og fólk heyri úti á götu. „Ég breytti ekki virkni sjálfra handboðanna heldur vinn meira með tímasetningarnar," útskýrir hann.

En hvenær má sýningargesturinn ganga yfir salinn og hvar og hvenær á hann að bíða? „Það er náttúrlega allt opið, þú kemur sem gestur og áttar þig fljótlega á því að þetta eru kunnuglegir gripir og þú veist hvað þeir gera. Það er eitt af þessu áhugaverða líka, hvernig fólk hagar sér í kringum þessa gripi," svarar Logi.

Hljóðlaug í stað örvar

Á hliðum handboða eru oftast leiðbeiningar, skýringar á því hvernig gatnamótin liggja og úr hvaða átt umferðin kemur en Logi segist búinn að setja nýtt kerfi á handboðana sem sýni staðsetningu tækjanna í rýminu. „Svo er líka hljóðlaug ofan á þeim þar sem vanalega er ör sem vísar í þá átt sem verið er að beina þér. Hljóðlaugin er form, sem líkist helst gárum í vatni, og vísar í hljóðið sem berst frá tækinu," segir Logi og greinilegt er að marga fleti má finna á þessari skemmtilegu og hugvekjandi innsetningu hans.

Sýningarstjóri *Allt til þessa höfum við ekki skilið það dularmál sem berst frá þessum hljóðgjöfum* er Þorsteinn Freyr Fjölnisson og lýkur sýningunni 7. maí.